

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslæknis.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni sem í stað hans kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags, kr. 25.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 50.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings. Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar, miðað við hvert unnið verk, dregst gjald þetta frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 49. gr. almannatryggingalaga nr. 40 30. apríl 1963, sbr. lög nr. 94 20. des. 1966 og öðlast gildi hinn 1. janúar 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 22. desember 1967.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

28. desember 1967.

Nr. 180.

AUGLÝSING

um sölu birgða óskráðra sérlyfja.

Hér með er samkvæmt heimild í 66. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, framlengd til 1. júlí 1968 undanþága sú, sem veitt var með auglýsingu nr. 199 30. september 1965 til sölu birgða óskráðra sérlyfja, sem tollafgreidd höfðu verið fyrir 31. desember 1965, og auglýsingu nr. 226 8. desember 1965, um innflutning og sölu sérlyfja handa dýrum, sem tollafgreidd voru fyrir 1. júlí 1966.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. desember 1967.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.